

## Brussel 15. mars 2024

Ráðstefna með yfirskriftinni; "Translating the EU Green Deal into Local Action" eða "Hrindum grænu plani Evrópusambandsins í framkvæmd á sveitarstjórnarstiginu". Markmið áætlunarinnar, eins og alls heimsins, er að minnka kolefnisspor heimsins um 55% fyrir árið 2030 (miðað við hvaða ár?).

Belgía er í forystusætinu hjá Evrópusambandinu núna og stóð fyrir ráðstefnunni fram fór í húsakynnum Evrópusambandsins föstudaginn 15. mars 2024.

Þegar boð um þátttöku barst Reykjanesbæ haustið 2023 var það tekið á dagskrá Sjálfbærniaráðs þ. 13. sep. sem lagði til að undirritaður sækti ráðstefnuna. Sú tillaga var staðfest af bæjarstjórn þ. 19. sep 2023. Þar sem nokkuð var um liðið ákvað undirritaður að kanna hvort kjörnum fulltrúum hefði snúist hugur og reyndist svo ekki vera. Bæjarráð staðfesti svo fyrri ákvörðun bæjarstjórnar á fundi sínum þ. 22. feb. sl.

Fyrir hádegi þ. 15. mars fór ráðstefnan fram í aðal þingsal Evrópusambandsins og voru um 220 borgar- og bæjarstjórar, ásamt fleira forystufólki evrópskra sveitarfélaga, mætt á staðinn. Auk þess fylgdust nokkur hundruð önnur með í streymi að sögn ráðstefnustjóra. Undir þessum dagskrárlið fóru m.a. fram pallborðsumræður um afmörkuð fundarefni eins og t.d. hvernig gengur að ná settu markmiði um 55% samdrátt í kolefnisspori, mögulega fjármögnun aðgerða í formi styrkja úr sjóðum Evrópusambandsins, þörf fyrir meiri skuldbindingu af hálfu sveitarstjórna, mikilvægi sterkrar forystu, mikilvægi samstarfs og samtals á milli mismunandi stjórnsýslustiga; sveitarfélaga, svæðisstjórna og stjórnvalda viðkomandi landa. Einnig mikilvægi góðs samtals og sterkrar skuldbindingar á milli opinberra aðila, fyrirtækja og íbúa enda væru viðbrögð og aðgerðir ekki lengur valkvæðar heldur bráðnauðsynlegar.

Þýska borgin Mannheim (600 þús íbúar) stendur t.d. fyrir samstarfi og samtali fyrirtækja í sömu atvinnugrein með það að markmiði að þau miðli upplýsingum og læri hvert af öðru. Þannig hittast t.d. fataframleiðundur í borginni reglulega og deila upplýsingum.

Sameiginlegur tónn í þessari umræðu var að ef markmið um 55% samdrátt ætti að nást væru sveitarfélög best til þess fallin að hafa nauðsynleg áhrif á sitt nærumhverfi. Einnig að það væri mikilvægt að ráðast að rótum vandans frekar en ekki bara afleiðingum hans. Slíkt kallaði á

miklar breytingar á mörgum sviðum. Hjá heimilum, fyrirtækjum og stofnunum og til þess þyrfti sterka skuldbindingu og viðurkenningu allra á sinni ábyrgð. Enginn gæti spilað frítt í trausti þess að aðrir gerðu það sem gera þyrfti.

Auk mikillar umræðu um fjármagn var nokkuð rætt um mikilvægi þess fyrir sveitarfélög að hafa fólk sem skildi og viðurkenndi mikilvægi vandans og hefði til þess nauðsynlega menntun og færni. Mikilvægt væri að byggja upp nauðsynlega þekkingu innan stjórnarsýslunnar. Eins þyrftu sveitarfélög að læra hvert af öðru hvað virkar og þyrftu ekki að finna upp hjólið hvert fyrir sig. Því væri samtal þeirra á milli mikilvægt sem og að setja fram einfalda og skýra aðgerðaráætlun og markmið sem allir gætu skilið. Þó væri ekki hægt að setja fram einu og sömu áætlunina fyrir öll sveitarfélög því áskoranirnar væru misjafnar og stefna án tímasettra markmiða og aðgerða væri í besta falli ósk.

Lykilspurning sveitarfélaga ætti að vera; Hvernig veitum við íbúum lögbundna og nauðsynlega þjónustu á sem hagkvæmasta og skilvirkasta hátt og með sem minnstu umhverfislegum áhrifum?

Í umræðum um fjármögnun kom fram að mörg verkefni skiluðu beinum fjárhagslegum ávinningi og væru því hreinlega "viðskiptatækifæri" sem skiluðu krónum í kassann. Til dæmis ættu umhverfisvottuð hús að vera ódýrari í rekstri og þó að byggingarkostnaður væri hærri í upphafi ætti sú fjárfesting að borga sig til lengri tíma en líka minnka kolefnisspor viðkomandi sveitarfélags. Þá fælust tækifæri í því fyrir tryggingarfélög að styrkja verkefni sem miðuðu að því að draga úr tjónum. Til dæmis sjóvarnargarðar sem ættu að koma í veg fyrir flóð.

Nokkur umræða fór fram um mikilvægi þess að vinna þvert á stjórnkerfið en ekki í "sílóum" og að nauðsynlegt væri að mæla og miðla árangri með reglubundnum hætti. Sum sveitarfélög hafa efnt til keppni á milli fyrirtækja og/eða stofnanna með álitlegum verðlaunum fyrir þann sem bestum árangri nær.

Nokkur umræða fór fram um mikilvægi þess að einangra hús í Evrópu betur, nýta orku og spara peninga þannig. Þó vanti meiri hraða í innleiðingu aðgerða, að fá alla um borð og að auka samvinnu aðila. Allt sem þyrfti að gera væri gerlegt en hindranirnar fælust fyrst og fremst í skorti á fjármagni og þekkingu.

Það væri t.d. áhugavert að heyra skoðanir Ungmennaráðs á okkar frammistöðu hingað til og fá þau til að setja fram sínar hugmyndir á fundi sínum með bæjarstjórn í vor. Einnig að hvetja fyrirtæki og opinbera aðila til að mæla kolefnisspor sitt og upplýsa um hvernig gengur að minnka það.

Það er mikilvægt fyrir sveitarfélög að bjóða uppá skýra leið inn í stjórnsýsluna í þessum málum og að geta veitt nauðsynlega ráðgjöf og aðstoð. Einnig að þekkja landsáætlun íslenskra stjórnvalda og að nýta alla möguleika til styrkja bæði frá stjórnvöldum og Evrópusambandinu.

Ein mikilvægasta "eign"/asset Evrópu er fjölbreytileikinn en þar búa nú um 500 milljón manns í 8000 sveitarfélögum.

#### - Hádegishlé -

Eftir hádegishlé var þátttakendum skipt upp í minni hópa eftir umræðuefnum. Ég valdi umræðuefnið; "Plannig for Healthy and Resilient Cities" eða "Að áætla/skipuleggja fyrir heilbriggt sveitarfélag/borg með mikla seiglu".

Sú sem stýrði umræðum byrjaði á að spyrja salinn hvað þyrfti að vera til staðar til að sveitarfélag gæti talist heilbriggt sveitarfélag. Þátttakendur notuðu svo SLIDO forritið til að senda inn sínar tillögur/hugmyndir.

Það sem ég skráði hjá mér voru eftirfarandi hugtök;

- Hreint andrúmsloft
- Hreint neysluvatn
- Hrein náttúra
- Gott mannlíf
- Fjölbreytt samfélag fólks með mismunandi menningarlegan bakgrunn
- Enginn einmanna eða útundan - ALLIR MEÐ!
- Góð lýðræðisleg þátttaka íbúa
- Gott menningarlíf og skapandi hugsun
- Andlegt heilbrigði
- Samkennd, engin útlendinga andúð
- "Happy Culture" - létt og skemmtilegt andrúmsloft í sveitarfélaginu

- Sjálfbærni á sem flestum sviðum, þurfa sem minnst að treysta á aðra m.a. í fæðuöflun.
- Hafa fjölbreyttar upplýsingar og gögn um sveitarfélagið og íbúa þess á takteinum
- Íbúar séu stoltir af sveitarfélaginu sínu
- Íbúar finnist þeir öruggir í sveitarfélaginu sínu
- Friðsælt sveitarfélag, rólegt sveitarfélag, laust við stress
- Hæglætis sveitarfélag - slow movement
- Góðir göngu- og hjólastígar
- Góð tengsl og samskipti á milli kynslóða
- Góðir leik- og grunnskólar
- Gott menntunarstig íbúa
- Vel launuð störf og fjölbreytt atvinnutækifæri
- Lífræðilegur fjölbreytileiki náttúrunnar
- Fráveitumálin í góðu lagi og fráveituvatnið hreinsað
- Stjórnun úrgangsmála í góðu lagiandi
- Sorphirða, endurvinnsla og hringrásarhagkerfið í lagi
- Húsnæði í góðu lagi og vel einangrað, laust við rakaskemmdir og myglu
- Ekki mikill hávaði í umhverfinu, hljóðvist í lagi
- Nóg af grænum svæðum innan seilingar fyrir íbúa
- Sveitarfélagið alltaf að reyna að auka "heilbrigði" og verða "more happy"
- Skipuleggja og stýra breytingum, ef það er ekki gert gerast breytingar af sjálfu sér og ekki endilega í þátt átt sem bæjaryfirvöld kjósa.

#### Að lokum

Niðurstaðan er sú að markmiðum um 55% minnkun kolefnisspors 2030 verði ekki náð nema með öflugri þátttöku sveitarfélaga. Þau þurfa fleiri að taka málið alvarlegar en hingað til hefur verið gert og sýna sterkari skuldbindingu. Það finnst mér geta átt við um Reykjanesbæ og mörg önnur sveitarfélög. Það vantar meira fjármagn svo hægt sé að undibúa og hrinda í framkvæmd margvíslegum verkefnum í þessa veru, fólk með rétta þekkingu og færni til að vinna vinnuna og hæfa stjórnendur til að undirbúa og skipuleggja. Skýr markmið og mælikvarða sem allir skilja. Gott samstarf á milli stjórnsýslustiga og sterka skuldbindingu frá atvinnulífi og íbúum.